

Þarfagreining og framtíðarsýn knatthúsa í Reykjavík

Niðurstöður vinnuhóps Íþróttabandalags Reykjavíkur



Inngangur

Að beiðni Borgarstjóra og Borgarráðs var lagt til að ÍTR og ÍBR væri farlið að gera þarfagreiningu og setja fram framtíðarsýn um byggingu knatthúsa í Reykjavík. Á fundi borgarráðs í september 2020 var samþykkt að forgangsörðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við 10 ára fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.

ÍBR hafði árið 2017 sett á laggirnar vinnuhóp sem velti fyrir sér framtíð knatthúsa í Reykjavík. Líkt og kom fram í skýrslu þess hóps þá erum við að berjast við erfiðar veðuraðstæður á hverju ári og reynist stundum erfitt að æfa utanhúss. Enda erfitt í vondu veðri að hafa skilvirkar æfingar, sérstaklega þegar kemur að tæknilegum æfingum. Sérstaklega hefur einnig verið bent á að þegar yngstu flokkarnir séu að æfa utandyra meirihluta árs falli mikið niður af æfingum vegna veðurs auk þess sem hættara er við að foreldrar taki þá ákvörðun að senda börn sín ekki á æfingar ef illa viðrar.

Núverandi staða

Í samráði við ÍTR samþykkti stjórn ÍBR að skipa vinnuhóp innan skrifstofu ÍBR sem fengi það verkefni að vinna að því að gera þarfagreiningu og framtíðarsýn vegna knatthúsa í Reykjavík.

Í vinnuhópnum voru Steinn Halldórsson, Darri McMahon, Kjartan Freyr Ásmundsson og Hrönn Svansdóttir sem leiddi vinnu hópsins og hélt utan um vinnu hans. Ákveðið var á fyrsta fundi hópsins að skoða með tölulegum uppýsingum hvernig íþróttafélögin í Reykjavík standa að vígi miðað við félög í öðrum sveitarfélögum á Höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn taldi að það myndi gefa góða sýn á hvernig mál standa varðandi knatthús. Safnað var iðkendatölum hjá hverju félagi í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Auk þess var farið yfir hversu marga æfinga- og keppnisvelli, bæði úti og inni, hvert félag væri að nýta fyrir sína iðkendur.

Almennt er talað um annarsvegar stór knatthús sem rúma knattspyrnuvöll í fullri stærð og minni knatthús sem gjarnan rúma hálfan völl. Húsin eru svo kölluð fjölnota hús þegar gert er ráð fyrir annarri notkun á þeim samhliða knattspyrnu t.d. frjálsíþróttir, klifur, göngubraut o.fl.

Í Reykjavík er nú eitt stórt knatthús, Egilshöll, og eitt minna hús á félagssvæði ÍR. Samkvæmt samningi borgarinnar og Fram er áætlað að byggt verði minna knatthús á svæði félagsins í Úlfarsárdal og KR hefur fengið samþykkt að unnið verði að undirbúningi þess að byggt verði fjölnota knatthús á svæði félagsins í Frostaskjóli.

Rétt er að halda því til haga að þrátt fyrir að knatthús rúmi stóran knattspyrnuvöll að þá er það ekki sjálfkrafa löglegt fyrir keppnisleiki. Til þess að uppfylla skilyrði um slíkt þarf lofthæð og áhorfendaaðstaða að vera nægjanleg. Einungis tvö hús á höfuðborgarsvæðinu, Egilshöll og Kórinn í Kópavogi, uppfylla þessar kröfur.

Stöðumat í dag:

Fjölknir – Hafa hlutfallslega fleiri tíma en önnur félög í Egilshöll en myndu fá fleiri tíma þar þegar önnur lítil knatthús byggjast hjá öðrum félögum.

Fram – Samkvæmt samningi mun félagið fá minna knatthús í Úlfarsárdal.

Fylkir – Eru búnir að eiga samtalið við borgina um mögulegt landsvæði fyrir lítið knatthús á sínu svæði.

ÍR/Leiknir – Í Mjódd er nýkomið minna knatthús sem sinnir þeirra þörfum í dag.

KR – Gert ráð fyrir að þar verði byggt minna knatthús, óljóst nákvæmlega hvenær.

Valur - Gert er ráð fyrir stóru knatthúsi á svæði Vals í deiliskipulagi. Hafa einnig rætt þann möguleika að hafa það minna.

Víkingur – Hafa átt samtalið varðandi mögulegt landsvæði fyrir nýtt knatthús af minni gerðinni.

Þróttur - Eru að fá nýja gervigrasvelli og endurnýjun á keppnisvelli. Félagið setti á sínum tíma fram tillögu um minna knatthús á svæði þess. Eins hefur ÍBR sett fram tillögur um stórt knatthús/fjölnota hús í Laugardal sem þá myndi nýtast Þrótti.

Þarfagreining

Vinnuhópurinn tók saman heildarfjölda iðkenda í knattspyrnu á Höfuðborgarsvæðinu. Af þessum tölum að dæma er ekki mikill munur á fjölda iðkenda í hverju félagi í Reykjavík og hinum sveitarfélögum á Höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Breiðablik í Kópavogi. Þá má sjá að Reykjavík er með næstum 6.000 iðkendur á meðan hin sveitarfélögin hafa samanlagt um 4.500 iðkendur í knattspyrnu frá 8. flokk upp í meistaraflokk. (sjá mynd 1). Hlutfall stúlkna og drengja er 35/65%.

Reykjavík - iðkenda fj. í knattspyrnu 2021 m.fl - 8.fl		Nágr. Sveitarfél. - iðkenda fj. í knattspyrnu 2021 m.fl - 8.fl	
Heildarfjöldi			
Fjölirnir	792	Breiðablik	1.394
Fram	738	HK	832
Fylkir	607	Haukar	572
ÍR	497	FH	774
KR	707	Stjarnan	983
Leiknir	336		4.555
Valur	661		
Vikingur	815		
Þróttur	811		
	5.964		

Mynd 1 Iðkenda fjöldi á Höfuðborgarsvæðinu

Þar að auki var tekin út æfingaaðstaða félaganna, annarsvegar fyrir æfingaaðstöðu bæði innan- og utanhúss og hinsvegar einungis fyrir knatthús. Þegar horft er á heildarfjölda æfingavalla í Reykjavík og nágrenni (sjá mynd 2), sjáum við að í Kópavogi eru fæstir, eða um 165 iðkendur að samnýta einstakan heilan völl hvort sem það er inni eða úti. Í Reykjavík er talan ekki mikið hærri, en

	Heildar iðk. fjöldi sveitarfélaga	Fjöldi útvallda	Fjöldi knatthúsa	Fjöldi iðk. per valla og knatthúsa
Reykjavík	5.964	30,5	1,5	186
Kópavogur	2.225	11,5	2,0	165
Hafnarfjörður	1.347	4,0	2,0	225
Garðabær	983	3,0	1,0	246

Í Reykjavík þurfa 186 iðkendur að samnýta einn heilan völl
 Í Kópavogi þurfa 165 iðkendur að samnýta einn heilan völl
 Í Hafnarfirði þurfa 225 iðkendur að samnýta einn heilan völl
 Í Garðabæ þurfa 246 iðkendur að samnýta einn heilan völl

Mynd 2 Iðkenda fjöldi á hvern völl og knatthús

þar eru 186 iðkendur á hvern heilan völl. Það má því segja að íþróttafélögin í Reykjavík nái að bjóða upp á góða æfingaaðstöðu miðað við Hafnarfjörð með 225 iðkendur per völl og Garðabæ með 246 iðkendur á heilan völl.

Mynd 3 sýnir hvernig Reykjavík kemur út miðað við hin sveitarfélögin á Höfuðborgarsvæðinu varðandi knatthús. Þar má sjá gífurlegan mun á sveitarfélögum, en þar er Hafnarfjörður (FH) með 673 iðkendur á hvert stórt knatthús og Reykjavík á hinum endanum með næstum sexfalt fleiri iðkendur á knatthús eða 3.976 iðkendur.

	Íbúafjöldi sveitarfélaga	Iðk. fjöldi sveitarfélaga	Fjöldi knatthúsa	Fjöldi iðk. per knatthús
Reykjavík	131.000	5.964	1,5	3.976
Kópavogur	38.000	2.225	2,0	1.113
Hafnarfjörður	30.000	1.347	2,0	673
Garðabær	17.000	983	1,0	983

Í Reykjavík þurfa 3.976 iðkendur að samnýta eitt knatthús
 Í Kópavogi þurfa 1.113 iðkendur að samnýta eitt knatthús
 Í Hafnarfirði þurfa 673 iðkendur að samnýta eitt knatthús
 Í Garðabæ þurfa 983 iðkendur að samnýta eitt knatthús

Mynd 3 Iðkenda fjöldi fyrir hvert knatthús

Þessar tölur sýna að Reykjavík er með mun lakari aðstöðu innanhúss til að þjónusta íþróttafélögin og þeirra iðkendur í knattspyrnu heldur en hin sveitarfélögin. Hlutföllin eru svo nokkuð jöfn í Kópavogi og Garðabæ þar sem eru um þúsund iðkendur á hvert stórt knatthús.

Kostir þess að auka við innanhússaðstöðu í Reykjavík eru þá helst að komast úr erfiðum veðuraðstæðum og ná að halda skilvirkari æfingar og bjóða betri aðstöðu fyrir knattspyrnuíðkendur íþróttafélaga. Auk þess eru næstu knatthús í mikilli fjarlægð frá æfingaaðstöðu þeirra félaga sem ekki hafa þau við bæjardyrnar og því þurfa foreldrar eða íþróttafélög að sjá um akstur yngri flokkana á æfingar. Þar má t.d. vekja athygli á því að KR er í 10 km fjarlægð frá knatthúsi ÍR og 13,7 km frá Egilshöll.

Í skýrslunni 2017 kom fram að talin væri þörf á einu til tveimur stórum knatthúsum í borginni til viðbótar við Egilshöll. Miðað við þá þróun sem hefur orðið þá má telja víst að eitt stórt hús myndi duga. Það snýr fyrst og fremst að þörfum varðandi keppni en að sjálfsögðu einnig æfingar. Mögulega væri hægt að endurskoða þörf á minna knatthúsi hjá nokkrum félögum ef annað stórt knatthús yrði byggt. Einhver félög fengju því fleiri tíma úthlutaða í stóru knatthúsi þar sem þau væru ekki með minna knatthús á sínu svæði.

Á hinn bóginn, er einnig hægt að skoða ókosti þess að byggja fleiri knatthús. Þá má fyrst nefna kostnað við framkvæmdir og svo reksturinn en kostnaðurinn er mikill ef litið er á nýtingu knatthúsa yfir allt árið. Hætt er við að yfir sumartímann verði notkun á þessum mannvirkjum lítil. Einnig þarf að skoða staðsetningu knatthúsa, hvar er pláss fyrir þau og hvar á að byrja.

Rétt er einnig að benda á að upphituð fjölnota knatthús bjóða upp á meiri notkunarmöguleika en t.d. óupphitað hús fyrir knattspyrnu eingöngu. Upphitun gerir það að verkum að fólki líður betur inni í húsunum og möguleikar gefast á að nýta húsin fyrir fleiri íþróttir auk skólastarfs og hreyfingar eldri borgara.

Framtíðarsýn og tillögur

Þegar litið er á þessar tölulegu upplýsingar er ljóst að íþróttafélögin í Reykjavík hafa ekki jafn góða inniaðstöðu og nágrannar þeirra á Höfuðborgarsvæðinu. Því leggur vinnuhópurinn til að byggð verði lítil knatthús í Reykjavík á félagssvæðum íþróttafélaganna sem ekki hafa aðgang að stórum húsum. Vitað er þó að það eru breytingar í vændum eins og knatthús hjá Fram og að samþykkt hefur verið að hefja undirbúning byggingar knatthúss í Vesturbænum hjá KR. Reykjavík er því að taka ákveðin skref

en það eru nágrannasveitarfélögin líka að gera t.d. með byggingu á stóru knatthúsi hjá Haukum í Hafnarfirði.

Vinnuhópurinn telur einnig mikilvægt að skoðaðar verði betur hugmyndir um byggingu á öðru stóru knatthúsi í Reykjavík burtséð frá þörfinni á litlum knatthúsum hjá hverju félagi. Húsið þyrfti að vera vestan Elliðaár.

Kostir væru eftirfarandi:

- Knatthús sem getur hýst fleiri keppnisleiki ef þörf kallar vegna t.d. veðurs eða leikjaálags.
- Fjölnota íþróttahús/mannvirki sem er með stóran gervigrasvöll.
- Knatthús sem er staðsett nær miðsvæði Reykjavíkur fyrir þau félög sem eru lengst frá Egilshöll (Þróttur, Víkingur, Valur og KR)

Gallar væru eftirfarandi:

- Viðburðir gætu ollið því að mikið af tímum í stóra knatthúsinu falla niður og félögin missa æfingatíma.
- Nýting knattspyrnunnar yfir allt árið sérstaklega sumartímann verður mögulega ekki góð og því þarf að finna aðra nýtingarmöguleika á mótí.

Niðurlag

Ljóst er að Reykjavík hefur ekki sambærilega inniaðstöðu í knattspyrnu til að bjóða íþróttafélögum sínum eins og nágrannasveitarfélögin. Um það bil fjór- til sexfalt fleiri iðkendur í Reykjavík eru á hvert knatthús miðað við hin sveitarfélögin. Ef byggð yrðu fimm minni knatthús og eitt stórt í Reykjavík myndi það næstum duga til að jafna Kópavog. Það er því tillaga vinnuhópsins að bæta við litlum knatthúsum hjá flestu íþróttafélögum í Reykjavík sem hafa stórar knattspyrnudeildir, en einnig að bæta við einu stóru knatthúsi sem væri hægt að nota sem keppnisvöll og til að þjónusta vesturhluta Reykjavíkur.